

hans, en í máli þessu getur aðeins komið til greina, hvort tillaga hreppsnefndar hefir verið í samræmi við skilyrði þessi, en því óviðkomandi hvern framgang tillagan hefði hjá hlutaðeigandi ráðuneyti, eða hvort samþykkt eftir tillögum hreppsnefndar var lögformleg eða eigi.

Með því nú að álíta verður, að ósamræmi það, er fyrr greinir, á tillögu hreppsnefndar og skilyrðum í skuldbindingu stefnds, sé svo verulegt eða það verið svo þýðingarmikið fyrir stefndan, að ganga megi út frá, að stefndur eigi hefði lofað hinni umstefndu fjárhæð, ef hann hefði vitað að svo var, sem hann og hefir haldið fram, virðist eiga að taka kröfu hans um sýknu til greina, bæði að því er aðal- og aukakröfu stefnanda áhrærir, en málskostnaður virðist eiga að falla niður.

Mánudaginn 4. nóvember 1935.

Nr. 89/1935. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Lárus Jóhannesson)

gegn

Péttri Guðfinnssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Brot á bifreiðalögum og 200. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 2. apríl 1935: Ákærður, Pétur Guðfinnsson, sæti einföldu fangelsi í 40 daga. En fangelsisrefsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa verði skilorð laga nr. 39 frá 1907 haldin.

Ákærður skal sviptur leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði ailan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 65 krónur til skipaðs verjanda síns Ólafs Þorgrímssonar lögfræðings.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms og með þeirri athugasemd, að nýjar upplýsingar, sem lagðar hafa verið fram í málinu fyrir hæstarétti, geta engu breytt um úrslit þess, þykir mega staðfesta dóminn, þó svo að ákærði missi rétt til að stýra bifreið 9 mánuði frá birtingu dóms þessa talið.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 60 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að ákærði missi rétt til að stýra bifreið 9 mánuði frá birtingu dóms þessa talið. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Jóhannessonar og Einars B. Guðmundssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Pétri Guðfinssyni bifreiðarstjóra til heimilis á Freyjugötu 32 hér í bæ, fyrir brot gegn 17. kapitula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, lögum um notkun bifreiða nr. 70 frá 8. september 1931 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málavextir eru þeir er nú skal greina.

Hinn 21. janúar síðastliðinn klukkan 1,45 e. h. ók á-

kærður vörubifreið sinni R. E. 844 vestur Geirsgötu og ætlaði niður á hafnarbakkann við kolakranann.

Þegar ákærði ók yfir gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegur kom bifhjólið R. E. 89 sunnan Kalkofnsveg og varð árekstur milli farartækja þessara þannig, að framendi bifreiðarinnar rakst á hægri hlið bifhjólsins. Bifreiðin nam ekki strax staðar heldur rann áfram og ýtti bifhjólínu á undan sér að minnsta kosti 6,90 metra.

Maður sá er var á bifhjólínu, Maron Bergmann að nafni, varð með hægri fót á milli „stuðarans“ á bifreiðinni og bifhjólsins og ýttist með bifhjólínu á undan bifreiðinni. Brotnaði hægri fóturinn um öklann og einnig brotnaði höfuðkúpan og mar kom á heilann.

Fótbrotið var mjög illkynjað og kom í það blóðeitrun og þó að fóturinn væri tekinn af tókst ekki þar með að hefta blóðeitrunina og varð þá sá endir á að Maron Bergmann andaðist þann 6. febrúar síðastliðinn.

Þegar slysið varð tók ákærður Maron heitinn strax upp í bifreið sína og flutti hann á Landsspítalann og tilkynnti lögreglunni slysið sjálfur.

Um akstur farartækjanna er það að segja, að Maron Bergmann, sem stýrði bifhjólínu og ók norður Kalkofnsveg, ók alveg út á vinstri vegarbrún og ók ekki hratt. Það hefir ekki upplýzt nákvæmlega hve hratt hann ók, en enginn hefir borið annað fyrir réttinum en hann hafi ekið gætilega.

Hann átti umferðarréttinn yfir gatnamótin þar sem hann hafði bifreiðina á hægri hönd, og var því engin ógætni af honum að aka út á gatnamótin þó að hann sæi að bifreiðin væri að koma á gatnamótin, þar sem hann gat ekki ætlað annað en bifreiðin biði meðan hann, sem átti umferðarréttinn, færi yfir gatnamótin.

Ákærður ók bifreið sinni, R. E. 844 vestur Geirsgötu. Ekki er nákvæmlega upplýst hve hratt hann ók á þeim tíma er hann fór yfir áðurnefnd gatnamót og slysið varð.

Sjálfur kveðst hann hafa ekið á kringum 20 km. hraða miðað við klukkustund. Eitt vitnanna bar það að bifreiðin hefði ekki ekið á miklum hraða, en gat ekki tiltekið það neitt nánar. Annað vitnið bar það að bifreiðin hefði ekið mjög hratt, en gat heldur ekki tilgreint hraðann nánar. Fleiri vitni, sem sáu akstur bifreiðarinnar hafa ekki

fengizt. Þar sem vitnunum ber ekki saman um hraðann er ekki unnt að segja neitt ákveðið um hann, en þó er ósennilegt að hinu síðarnefnda vitni hafi sýnt bifreiðin aka „mjög hratt“ ef hún hefði ekki ekið nema 20 km. hraða. Sá minnsti hraði sem bifreiðin hefir ekið á verður því að teljast 20 km. eins og ákærður hefir haldið fram, en þó eru líkur til þess að hraðinn hafi verið eitt-hvað meiri. Þar sem hámark löglegs aksturshraða hér innanbæjar er 18 km. miðað við klukkustund verður að telja að ákærður hafi ekki sýnt fylstu gætni hvað aksturshraða snertir.

Ákærður kveðst hafa ekið eftir miðri götu og þó aðeins hægra megin við miðju, þó hafi það ekki verið neitt að ráði sem hann var inni á hægra götuhelming.

Rispur sem myndast hafa í götuna við það að bifhjólið ýttist á undan bifreiðinni, eiga upptök sín á hægra helming götu séð frá bifreiðinni, og þó að ekki væri fyllilega unnt að segja um afstöðu farartækjanna eftir upptökum rispanna, sanna þær þó það, að bifreiðin getur ekki hafa ekið á vinstri götuhelming. Virðist því framburður ákærðs um þetta atriði vera mjög sennilegur. Verður að telja það ógætni af ákærðum að aka ekki bifreiðinni algerlega á vinstri vegarhelming.

Ákærður kveðst ekki hafa gefið hljóðmerki við gatnamótin og verður að telja það ógætni.

Áðurnefnd gatnamót mynda ekki réttan kross og er horn það, sem var á hægri hönd Marons og vinstri hönd ákærðs mjög gleitt. Átti því að vera mjög auðvelt fyrir þá að sjá hvor til annars ferða og ætti yfirleitt að vera mjög hættulítið fyrir farartæki að mætast á gatnamótunum.

En svo vildi til að ákærður var í kolaakstri með bifreið sína og þar sem úðarigning var þennan dag þá settist blautt kolaryk á rúður bifreiðarinnar og sá því ákærður ekki út um þær nema á þeim litla bletti, sem þurkarinn hélt hreinum. Sá hann því lítið eitt beint fram undan bifreiðinni, en ekkert til hliðanna. Telja verður það skort á aðgætni að halda ekki rúðum bifreiðarinnar svo hreinum að auðvelt væri að sjá út um þær. En þó að það hafi ef til vill ekki verið gott viðgerðar fyrir ákærðan, þá var alveg sérstök ástæða fyrir hann að beita fyllstu var-

kárni þegar hann ók yfir gatnamót, einmitt vegna þess, að hann sá ekki í kring um sig.

Enginn þeirra, sem yfirheyrðir hafa verið í málinu hafa heyrt bifhjólíð gefa hljóðmerki, en þó að sú vanræksla Marons heitins hafi meðal annars orðið til þess að áreksturinn varð, þá leysir það ákærðan enganveginn frá ógætnissök sinni. Ákærður hefir því sýnt af sér ógætni með því að aka fullhratt, aka ekki algerlega á vinstra götuhelming, gefa ekki hljóðmerki við gatnamótin og halda ekki rúðum bifreiðarinnar svo hreinum að hann sæi vel út um þær, eða þá að minnsta kosti að gæta fyllstu varkárni vegna þess hve illt var að sjá út úr bifreiðinni.

Af ógætni ákærðs stafar áreksturinn, en af honum hlýzt hið illkynjaða fótbrott og höfuðlöskun Marons heitins. Læknar Landsspítalans, sem stunduðu hann fá ekki við því gert, að sjúklingurinn fær almenna blóðeitrun út frá sárunum og andast síðan 17 dögum eftir að hann fékk meiðslin og kom undir læknishendi.

Verður því að telja að dauði Marons heitins hafi hlotið af gáleysi ákærðs.

Framangreint brott kærðs ber því að heimfæra undir 200. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ennfremur ber að heimfæra það undir lög nr. 70, 1931, 6. gr., 7. gr., 8. gr. og 15. gr., sbr. 14. gr. og lögreglusamþykkt Reykjavíkur 31. gr., 46. og 48. gr., sbr. 96. gr.

Þykir refsing sú, er ákærður hefir til unnið hæfilega ákveðin 40 daga einfalt fangelsi. Auk þess þykir samkvæmt 5. gr. laga nr. 70, 1931, verða að svipta hann leyfi til að stýra bifreið í 6 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa að telja. Þar sem hér er um fyrsta brott ákærðs að ræða, þykir mega ákveða að fangelsisrefsingin skuli vera skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39, frá 1907.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 65 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda sins, Ólafs Þorgrimssonar, lögfræðings.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.